

## **Stjórnarfundur Sundráðs ÍRB, með stjórnnum SK og SN**

### **Fundur nr. 1**

**24. febrúar 2010 í K-húsinu kl. 20:00**

Mættir: Guðmundur, Falur, Friðrik, Ásta, Sigurbjörg, Júlíus, Sigurþór, Elsie, Lúðvík, Helga, Herdís, Edda og Harpa. Hjördís boðaði forföll.

#### **1. mál**

Ákveðið að funda eftir þörfum. Miðvikudagar henta best og fundarboðun verður á höndum formanns í gegnum tölvupóst. Aðeins senda póst ef stjórnarmenn þurfa að afboða, ekki nauðsynlegt að staðfesta. Fundargerðir verða sendar út til yfirlestrar í tölvupósti og ef ekki berast athugasemdir eru þær birtar á heimasíðum félaganna.

Verkaskipting: Guðmundur formaður, Lúðvík varaformaður, Ásta gjaldkeri, Sigurbörg ritari, Elsie meðstjórnandi, varamenn Falur, Helga og Herdís.

Á næsta fundi verður fleiri hlutverkum úthlutað s.s. að sjá um innheimtu fyrir skilti við sundlaug.

#### **2. mál**

Búningamál. Skoða þarf hvort við eigum að skipta út búningum. Edda kom með hugmynd um að græja einn sumarból. Einnig væri hægt að bjóða sundmönnum að panta hvítu bolina og skopparabuxurnar fyrir Sparisjóðsmótið, Bikar, AMÍ og ferðina til Benidorm. Búninganefnd skipuð: Edda, Elsie, Linda og Steindór og verða þau fengin til að koma með hugmyndir fyrir vorið og haustið.

#### **3. mál**

Sundþing. Fullmannað á sundþing, Gummi, Elsie, Lúlli, Júlí, Sigurþór, Ævar, Guðný Ester og Gummi þjálfari SN. Stjórnir sammála að mæla með því að AMÍ verði ekki skipt upp í 2 mót, heldur verði það áfram eitt mót með bein úrslit.

#### **4. mál**

Stöðumat – hugmyndavinna. Hvað ætlum við, ÍRB, að gera til að gera ÍRB að besta sundliðinu, afrekslega og félagslega? Í því samhengi er eðlilegt að bera okkur saman við önnur félög á Íslandi, en einnig við félög á t.d. Norðurlöndum, enda höfum við frábæra aðstöðu til að gera góða hluti. Stjórnir Sundráðs, SK og SN unnu hugmyndavinnu, þar sem voru teknir saman punktar undir yfirskriftinni, „Við ætlum að ..... til að koma ÍRB á toppinn“. Það er hlutverk stjórnanna að skapa ramma utan um starfið, við teljum tímabært að endurskoða þann ramma sem við höfum í dag. Sameiginleg niðurstaða hópavinnu var tekin saman og verður yfirfarin á næsta fundi. Þessi hugmyndavinna mun nýtast sem veganesti fyrir ákvarðanatöku sem varðar fyrirkomulag sundstarfsins á næsta tímabili/tímabilum.

#### **5. mál**

Önnur mál.

Guðmundur tilkynnti að Sparisjóðurinn mun koma að starfinu 2010 með veglegum styrk til Sundráðs ÍRB. Styrkur frá Sparisjóðnum skiptir okkur miklu máli.

Ákveðið að halda Sparisjóðsmótið 2011 13. – 15. maí, formaður tilkynnir það SSÍ.

Næsti fundur verður miðvikudag 10. mars kl. 20:00 í K-húsinu.

Fleira ekki rætt og fundið slitið kl. 21:45

Fundarritari,  
Sigurbjörg og Guðmundur.